

750 KW VIRKJUN Í NÍPÁ, ÞINGEYJARSVEIT

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að um 750 kW virkjun í Nípa, Þingeyjarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin komi ekki til með að valda verulegu raski eða hafa í för með sér verulega neikvæðar ásýndarbreytingar verði fylgt þeirri framkvæmdaráætlun sem framkvæmdaraðili leggur til. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að gengið verði vel frá þrýstipípum og vegslóða að framkvæmd lokinni, þannig að búsvæðum fugla verði raskað sem minnst, auk þess sem framkvæmdir verði utan varptíma eins og framkvæmdaraðili fyrirhugar.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingaleyfi Þingeyjarsveitar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. Þá er framkvæmdin háð virkjunarleyfi iðnaðarráðuneytis skv. 3. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005, þar sem orkuna frá raforkuverinu á að afhenda inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið. Áður en byggingar-, framkvæmda- og virkjunarleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdin er á óskipulögðu svæði og þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar sbr. 3. tölulið bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga áður en deiliskipulagið er auglýst. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og er minnt á að hafa þarf samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni umhverfismatsins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Raflækur ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins.

Skipulagsstofnun bendir á að breytingar á fyrirhuguðum framkvæmdum frá því sem getið var í greinargerð framkvæmdaraðila og svörum við umsögnum og ákvörðun þessi byggir á, ber að tilkynna Skipulagsstofnun til ákvörðunar um það hvort þær séu þess eðlis að þær breyti forsendum ákvörðunar þessarar og að taka þurfi málið upp að nýju.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 5. ágúst 2008.

INNGANGUR

Þann 12. maí 2008 tilkynnti Raflækur ehf. um 750 kW virkjun í Nípa í Þingeyjarsveit til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a sbr. lið 3a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Þingeyjarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, iðnaðarráðuneytis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Þingeyjarsveit með bréfi dags. 26. maí 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. júní 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 29. maí 2008, iðnaðarráðuneytinu með bréfi dags. 2. júní 2008, Orkustofnun með bréfi dags. 21. maí 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. maí 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tilgangur framkvæmdanna sé að framleiða raforku til sölu á dreifikerfi RARIK. Greint er frá að ætlunin sé að reisa u.þ.b. 750 kW rennslisvirkjun við Árteig, Árteigsvirkjun 5, í Þingeyjarsveit, til viðbótar virkjunum sem þar eru fyrir, en nýjasta virkjunin, Árteigsvirkjun 4, sé frá árinu 2005. Áætlað sé að stærð inntakslóns verði 200 – 300 m² og vatnsmiðlun verði hverfandi. Framburði verði skolað úr lóninu um botnrás. Í um 500 m hæð yfir sjó verði byggð um 15 m löng og 3 m há, steinsteypst stífla og vatn leitt í þrýstipípu frá inntaksþró að stöðvarhúsi. Gert sé ráð fyrir að þrýstipípan, tæplega 2.800 m löng og 450 – 500 mm í þvermál, verði að mestu leyti niðurgrafin í jafri vegslóða, sem gerður var vegna byggingar veitumannvirkja við Árteig á 7. og 8. áratug síðustu aldar. Þó verði gerður nýr vegslóði á um 700 m kafla til þess að hann fylgi áætlaðri legu þrýstipípu. Á um 500 m kafla, skammt ofan stöðvarhúss, verði pípan 20 – 40 m frá vegslóða. Gert sé ráð fyrir að 400-600 m³ af efni þurfi til vegagerðarinnar og verði það tekið úr opnum námum, annars vegar á barmi Nípargils, þar sem núverandi stífla stendur, og hins vegar við eldra miðlunarlón Raflækjar ehf. Áætlað sé að byggja stöðvarhúsið ofan á núverandi inntaksþró Árteigsvirkjunar 4 og sé um að ræða 35 – 40 m² stálgrindahús með risi, mænishæð tæpir 4 m. Yfirfallsvatn frá virkjun verði veitt að núverandi aðveituskurði heimavirkjunar Árteigs, Granastaða og Ártúns. Orka frá Árteigsvirkjun 5 verði leidd um jarðstreng (11 kV) sem plægður verði niður við hlið fyrirliggjandi þrýstipípu og að stöðvarhúsi Árteigsvirkjunar 4 og þaðan um fyrirliggjandi jarðstreng að dreifikerfi RARIK.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að svæðið hafi verið notað til landbúnaðar, en einnig til vatnsöflunar fyrir virkjanir um áratuga skeið. Stöðvarhús nýrrar virkjunar verði reist á núverandi leigulóð Raflækjar ehf. Land undir veitumannvirkjum, vegslóðum og þrýstipípu sé óskipt og eigendur þess séu aðilar að Raflæk ehf. Greint er frá að svæðið sé ekki í alfaraleið en um það fari heimamenn við fjárleitir og vélsleðamenn að vetrarlagi þegar snjór er yfir.

Áhrif á landslag. Greint er frá að ekki muni sjást til virkjunarsvæðis frá þjóðvegi um Útkinn, að undanskildu stöðvarhúsi. Hluta framkvæmdarsvæðis megi greina á stuttum kafla þjóðvegar um Aðaldalshraun, sem sé í um 15 km fjarlægð frá svæðinu.

Áhrif á náttúrufar. Fram kemur að rennsli Nípár muni minnka á tæplega þriggja km kafla frá því sem nú er, frá nýrri stíflu að stíflu Árteigsvirkjunar 4. Að vetrarlagi megi búast við að megnið af rennsli Nípár fari í gegnum virkjanirnar og þá verði lítið rennsli í neðsta hluta árinna, allt að ósi í Skjálfafljóti. Fram kemur að efst á framkvæmdarsvæðinu séu gróðurnauðir melar og grýttar skriður, en nær fyrirhuguðu stöðvarhúsi séu melholt með þurrum lyngmóum á milli. Áætlað sé að breidd raskaðs svæðis verði 6 – 10 m, þar sem þrýstipípur verði grafnar í jörðu í jaðri vegslóða. Sá verði í röskuð svæði og frá þeim gengið eftir því sem kostur verði.

Í umsögn Náttúrustofu Norðausturlands, sem fylgdi framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, kemur fram að smyrill og hrafn verpi svo til árlega í Níþárgili, en fálki verpi þar ekki lengur og ekki heldur straumönd. Fálki, hrafn og straumönd séu tegundir á valista. Bent er á að samkvæmt framkvæmdalýsingu verði framkvæmdir utan varptíma fugla en mikilvægt sé að gengið verði vel frá þrýstipípum og vegslóða að framkvæmd lokinni, þannig að búsvæðum fugla verði raskað sem minnst.

Fram kemur að Níþá falli í djúpu og þröngu gili og þar séu nokkrir fossar. Áin sé ekki fiskgeng á þessu svæði vegna fossanna og virkjunin hafi því ekki áhrif á fiskgengd.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að ekki sé vitað um neinar fornminjar eða söguminjar á virkjunarsvæðinu, að frátöldum veitumannvirkjum núverandi ábúenda frá 7. og 8. áratug síðusut aldar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að deiliskipulag fyrir framkvæmdarsvæði virkjunarinnar liggja ekki fyrir. Ætlunin sé að sækja um framkvæmdaleyfi skv. bráðabirgðaákvæðum skipulags- og byggingalaga.

Framkvæmdaraðili telur að umhverfisáhrif framkvæmdanna verði lítil, m.a. verði lítil áhrif á gróður þar sem land sé rýrt.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Þingeyjarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, iðnaðarráðuneytið, Orkustofnun og Umhverfisstofnun telja ekki líkur á að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á menningarminjar. Í umsögn Fornleifavernd ríkisins kemur fram að stofnunin hafi kannað framkvæmdarsvæðið sérstaklega. Engar fornleifar fundust og ekki er vitað til að þar hafi verið nokkur mannvirki áður en virkjunarframkvæmdir hófust í Níþá á fyrri hluta síðustu aldar. Þær minjar munu ekki raskast við framkvæmdirnar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða um 750 kW virkjun í Nípá í Þingeyjarsveit. Byggð verður um 15 m löng steinsteypt stífla í um 500 m hæð yfir sjó og lögð 500 mm sver, tæplega 3000 m löng þrýstípípa og 700 m langur vegslóði að um 40 m² stöðvarhúsi sem áætlað er að byggja ofan á núverandi inntakspró Árteigsvirkjunar 4. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a sbr. lið 3a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir taka til afmarkaðs svæðis sem að mestu er lítt gróið Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin komi ekki til með að valda verulegu raski eða hafa í för með sér verulega neikvæðar ásýndarbreytingar verði fylgt þeirri framkvæmdaráætlun sem framkvæmdaraðili leggur til. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að lögð verður áhersla á lágmarksstyrkingu vegslóða og að gengið verði vel frá þrýstípípu og vegslóða að framkvæmd lokinni. Þannig verði búsvæðum fugla raskað sem minnst og auk þess fari framkvæmdir fram utan varptíma eins og framkvæmdaraðili fyrirhugar.

Skipulagsstofnun bendir á að á síðustu árum hafa stíflur þriggja smávirkjana brostið með tilheyrandi flóðum og slysaheittu. Skipulagsstofnun telur í ljósi þessa brýnt að áður en Þingeyjarsveit veitir byggingar- og framkvæmdaleyfi fyrir mannvirkjunum þá þurfi framkvæmdaraðili að leggja fram hönnunargögn fyrir mannvirkin. Við hönnun stíflu þarf að gera grein fyrir forsendum hönnunar s.s. stærð og endurkomutíma hamfaraflóða sem mannvirkin eiga að standast og leggja fram teikningar af þversniðum, bæði af jarðvegshluta og steypum hluta stíflunnar. Einnig þarf að leggja fram upplýsingar um gæði efnis sem fyrirhugað er að nota í einstaka hluta jarðvegsstíflu svo sveitarstjórn geti sinnt lögbundnu eftirliti með gerð mannvirkjanna sbr. 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Raflækjar ehf. við tilkynningu og umsagnir og viðbrögð Raflækjar ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að 750 kW virkjun í Nípá, Þingeyjarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingaleyfi Þingeyjarsveitar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. Þá er framkvæmdin háð virkjunarleyfi iðnaðarráðuneytis skv. 3. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005, þar sem orkuna frá raforkuverinu á að afhenda inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið. Áður en byggingar-, framkvæmda- og virkjunarleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdin er á óskipulögðu svæði og þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar sbr. 3. tölulið bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga áður en deiliskipulagið er auglýst. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og er minnt á að hafa þarf samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni umhverfismatsins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Raflækur ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins.

Skipulagsstofnun bendir á að breytingar á fyrirhuguðum framkvæmdum frá því sem getið var í greinargerð framkvæmdaraðila og svörum við umsögnum og ákvörðun þessi byggir á, ber að tilkynna Skipulagsstofnun til ákvörðunar um það hvort þær séu þess eðlis að þær breyti forsendum ákvörðunar þessarar og að taka þurfi málið upp að nýju.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 5. ágúst 2008.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson